

Flugvallarverkin - Fljúgum hærra!

eftir leikritasmiðju Leikfélags Hafnarfjarðar

Aðalsteinn Jóhannsson  
Erna Björk Hallbera Einarsdóttir  
Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir  
Ólafur Þórður Þórðarson  
Sigrún Tryggvadóttir  
Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir  
Steinunn Þorsteinsdóttir  
Úlfhildur Örnólfsdóttir

1. HLUTI

*Nýr morgun á flugvellinum og fáir á ferli. Það er rólegt andrúmsloft. Á miðju sviði sjáum við Garðar, sjötugan ræstitækni flugstöðvarinnar, mæta á morgunvaktina sína.*

GARÐAR

Hana!

*Garðar dregur fram ræstivagninn sinn. Hann skoðar í gegnum hann til að vera viss um að hann sé með allt.*

GARÐAR

*Alhreinsir, klósetthreinsir, töfraspvampur, tuskur, gluggasprey, sóttthreinsir, moppur, moppuskaft... ja, mér sýnist þetta bara allt vera komið. En hvað er að sjá þig diddan mín?(Losar moppuskaftið af vagninum)Skelfing er eitthvað laus á þér hausinn. Við getum ekki tekið dansinn og þú svona hálf hálsbrotin.*

*Á við hausinn á moppuskaftinu og herðir, virðir síðan afraksturinn fyrir sér sigri hrósandi.*  
Hana! Nú er hún tilbúin.

*Festir moppuskaftið aftur á vagninn, tekur upp möppu með check lista og les upphátt fyrir sjálfan sig.*

*WC búið að þrifa, búið að pússa gler í biðsal... látum okkur sjá, það þarf að tæma ruslafötur í miðrymi og þrifa og moppa veitingasalinn. Ég held nú það. Og sitthvað fleira þarf nú að bardúsa...*

*(Hristir höfuðið og hlær kíminn. Talar við moppuna.) Já, þær vilja snúast í hausnum á manni áttirnar, diddan mín, en sumir virðast nú flækjast meira fyrir fótunum á sjálfum sér en aðrir. Ekkisens vitleysisgangur. En jæja, engin miskunn hjá Magnúsi, salernin þurfa vellyktandi. Þeir hafa gleymt því á næturvaktinni.*

*Tekur tvo spreibrúsa upp úr hreinsivagni/fötu og virðir þá fyrir sér*

*Hmmmm. Hvort skal veðja á eða Forrest Oak ? Ha? Hvað segir þú, blessunin? Sítrónusafari Sítrónusafari? Nei, alveg er þetta makalaust, velur þú ekki bara það nákvæmlega sama og ég hefði gert? Hverjar voru*

líkurnar? Jahérna. En úr því að við erum á sama máli skal spreyjað ótæpilega, enginn sparnaður leyfður. Það má alltaf spara á morgun.

*GARÐAR sönglar, tekur moppuna í fangið og stígur dansspor, dansar út til hliðar með moppuna í fanginu og hreinsivagn í eftirdragi.*

*Ljós kvikna. JÓNA og GUNNA koma inn. GARÐAR fylgist með.*

JÓNA:

Það er í þessa átt.

GUNNA:

Ertu viss?

JÓNA:

Auðvitað er ég viss, flýtum okkur.

GUNNA:

Slakaðu á, við höfum nógan tíma.

*Hlaupa saman út af sviðinu. Koma aftur inn á sviðið.*

JÓNA:

Mundi ég eftir að gefa kettinum?

GUNNA:

Hvaða ketti, þú hefur ekki átt kött síðan þú keyrðir á Brand.

JÓNA:

Æ já auðvitað, drífum okkur!

*Þær fara út sömu megin og þær komu.*

*Í örfáar sekúndur er sviðið tómt, fyllist svo skyndilega af fólki sem kemur úr öllum áttum. AMANDA í innrituninni kemur stikandi yfir þvert sviðið, sláttur á henni. Stingur sér á bakvið hátt borð, tekur upp skilti sem stendur á innritun og skellir upp á borðið. Röð hefur myndast við innritunarborðið. MAGGI, STÍNA, SIGGA, MAGDALENA, HRAFN. (mögulega fleiri)*

AMANDA

Næsti!

*Amanda byrjar að tékka inn.*

*SIGGA, þekktur miðaldra núvitundar áhrifavaldur, stendur í miðri röð, fyrir framan hana MAGGI, ungur maður í stuttbuxum.*

SIGGA:

(Er í upptöku á Instagram, heldur símanum á lofti)

Ég er stödd hérna í Leifs - draumur að verða að veruleika... ég veit þið trúið því ekki en ég er að fara í fyrsta sinn til London, hugmyndin er að ráfa um í fallegum görðum, drekka kaffi á kaffihúsum sem geyma sögur löngu liðinna skálda sem eiga það eitt sameiginlegt með mér að enginn les orðin þeirra lengur...

*Maðurinn fyrir framan hana snýr sér við*

MAGGI:

Ha... ertu að tala við mig?

SIGGA

Nei, ekkert frekar, (brosir í símann sinn) alveg eins, jafnvel, kannski... mögulega... hver veit...

MAGGI:

Já ok... mér heyrðist þú vera að segja eitthvað.

SIGGA:

Ég var ekki bara að segja eitthvað... ég var að segja að mig hefur alltaf dreymt um að fara til London, ráfa um í görðum, drekka kaffi með...

SIGGA

(hættir í miðri setningu við að segja honum söguna af draumnum, brosir til hans og spyr undur ljúflega)

Hvert er þú að fara?

MAGGI:

London, þú veist, röðin er þangað sko. Eða þú veist, innritunarborðinu.

SIGGA:

Eruð þið að fara í golf eða í fjallgöngu með Svala?(Lækkar röddina og hálf hvíslar að honum)  
Hérna, eruð þið ekki örugglega á Saga Class, get ekki setið hjá mönnum sem mögulega kannski jafnvel þekkja bróðir minn sko.(Þögn) Hann innritaði sig rafrænt í gærkvöldi og er fyrir löngu kominn upp í lánsið...

hvað er þetta með þetta láns? Uppþornaðar snittur, ódýrar bubblur, klárlega ofmetið eitthvað.

MAGGI:

Nei, hættu nú alveg. Þetta er ekki svo slæmt, egg og beikon og allt.

SIGGA:

Allt... einmitt. Algjörlega óþolandi.

MAGGI:

Ha?

SIGGA:

Hann, óþolandi. Hefur alltaf verið það.

MAGGI:

(Veit ekki alveg hvert þetta er að fara) Mér finnst bara fínt að fara í lánsið, ókeypis drykkur og allt það. Get ekki þessa BSÍ stemmingu sem oft myndast niðri. Lánsið fyrir allan peninginn, ekki spurning.

*Kjartan snýr sér við og fer að skoða eitthvað með manninum á undan honum í röðinni - Sigga bankar í öxlina á honum.*

SIGGA:

Hvað er þetta með ykkur menn í stuttbuxum?

MAGGI:

Hvað meinar þú... hvað er þetta með okkur...(horfir niður á fötin sín)

SIGGA:

Þið eruð allir eins. Þínu eins og þið séuð í költi.

MAGGI:

Költi? Er ekki í lagi með þig?

SIGGA:

Fín bara, veistu, sjaldan verið betri. Er að fara í draumaferðina mína. Þú veist, drekka kaffi, rölta um í görðum, tala við löngu dána menn...

*Röðin þokast áfram og þau hætta samtalinu um stund á meðan mennirnir í jakkafötunum byrja hver á eftir öðrum að innrita sig.*

SIGGA:

Hérna, þarf maður vegabréf?

MAGGI:  
Hvað meinaru?

SIGGA:  
Já sko, þarf ég að sýna vegabréf núna?

MAGGI:  
Ertu ekki með vegabréfið þitt?

SIGGA:  
Ég sagði það ekki.

MAGGI:  
Ha?

SIGGA:  
Ég spurði bara hvort ég þyrfti að sýna það núna.

MAGGI:  
Einmitt. Jú, þú þarft að sýna það núna.

SIGGA:  
Ok.(Þegir í smástund) En mig langar ekki að sýna henni vegabréfið mitt.(bendir á konuna á innritunarborðinu)

MAGGI:  
Þetta er ekki spurning um hvað þig langar.

SIGGA:  
Sko, ég var með henni í bekk.

MAGGI:  
Í bekk?

SIGGA:  
Myndin er gömul, hún gæti þekkt mig.

MAGGI:  
Og hvað?

SIGGA:  
Nei, bara.

MAGGI:  
Ertu viss um að það sé allt í lagi með þig?

SIGGA:  
Þú veist, ég er ljóshærð á myndinni, með permanet, það er engin með það lengur.

MAGGI:  
Og?

SIGGA:  
Það gengur ekki upp að sýna henni vegabréfið, bara alls ekki.

MAGGI:  
Uuuu, ertu ekki með vegabréfið?

SIGGA:  
Get ég innritað mig rafrænt núna?

MAGGI:  
Ég veit það ekki. Ég er sko með golfsettið.

SIGGA:  
Hún elskaði menn sem spila golf, hefur eitthvað með mjaðmasveifluna að gera, sagði þá svo mjúka, eitthvað svo undur...

MAGGI:  
Þú ert nú ekki í lagi.

*Það er komið að honum við innritunarborðið.*

AMANDA  
Næsti!

MAGGI:  
Já, það er ég. Góðan dag.

AMANDA  
Farmiði!

MAGGI:  
Já, gjörðu svo vel.(réttir fram símann)

AMANDA  
Vegabréf!

MAGGI:  
Vegabréfið, já, það er hérna. Ein taska, handfarangur... já, og golfsettið þangað sem það á að fara. Allt klárt.

AMANDA  
Hérna ertu. Magnús Guðmundur Kjartansson, Saga Class, sæti 4.

MAGGI:

Saga Class, alltaf. (Brosir til Amöndu, snýr sér við og sér Siggu tvístíga, hvíslar að Amöndu) Hérna, þekkir þú þessa konu sem er fyrir aftan mig?

AMANDA

Hverja?

MAGGI:

Þessa þarna í skræpótta kjólnum? Hún sagðist þekkja þig.

AMANDA

Ha, mig? (Horfir á Siggu sem virkar flóttaleg) Ég kem henni ekki fyrir mig. Er í lagi með hana?

MAGGI:

Veit það ekki.

AMANDA

Neinei, hún virkar bara eitthvað klikk.

AMANDA

En herra minn, ert þú nokkuð flugdólgur?

MAGGI:

Ha?

AMANDA

Ég spyr þig aftur, ertu flugdólgur? Ertu á skrá?

*Byrjar að leita að einhverju í tölvunni*

MAGGI:

(Farið að fjúka í hann) Er þetta eitthvað djók? Ertu að fokka í mér?

AMANDA

Þú ert ókei. (Réttir honum brottfararspjald og vegabréf) Gjörðu svo vel og góða ferð.

MAGGI:

(Svarar út í bláinn, er hálf hvumsa á dónaskapnum.)  
Ha, já. Einmitt.

AMANDA

Næsti!

*SIGGA sem var næst í innritun, er búin að lauma sér aftar í röðina. MAGNÚS hunskast frá innritunarborðinu en sendir Amöndu illt auga,*

*Amanda tékkar næsta farþega inn.*

SIGGA:

(Við Stínu) Er þetta ekki örugglega Leifsstöð? Mér líður þínu eins og ég sé stödd á Egilsstaðaflugvelli.

STÍNA:

Egilsstaðaflugvelli?

SIGGA:

Allt svo sveitó eitthvað. Hérna, ertu nokkuð með vegabréf sem þú getur lánað mér örstutt, bara rétt á meðan...

STÍNA:

Ertu eitthvað biluð eða?

*STÍNA OG MAGGI fara út. SIGGA gengur eftir röðinni sem er fyrir aftan hana (MAGDALENA og HRAFN).*

SIGGA:

Ertu nokkuð mögulega með auka vegabréf með þér, bara örstutt? Ég skila því aftur. Nei, ok. En þú? Vegabréf sem þú ert ekki að nota... nei... en ég er ekkert að biðja um að fá að eiga það, sko, bara fá það lánað í smástund...

*Jón og Gunna koma inn á svið, jafn áttavillt og áður.*

JÓNA:

Drífa sig.

GUNNA:

En þú sagðir að þetta væri í hina áttina.

JÓNA:

Þú hefur eitthvað misskilið.

GUNNA:

Vorum við samt ekki að koma þaðan?

JÓNA:

Vertu ekki með þessa vitleysu, stelpa. ... mundi ég ekki örugglega eftir að slökkva á ofninum?

GUNNA:

Ofninum? Varstu að baka?

JÓNA:

Æ láttu ekki svona. Drífum okkur.

*Út af sviði*

AMANDA

Næsti!!

MAGDALENA

Já, góðan dag.

AMANDA

Farmiði!

*Magdalena sýnir Amöndu miða í símanum.*

AMANDA

Vegabréf!

*MAGDALENA leitar í hliðartösku, leggur ferkantaðan kassa með tveimur stórum götum frá sér upp á afgreiðsluborðið á meðan. AMANDA gerir sig líklega til að setja kassann á færibandið fyrir inntékkkaðar ferðatöskur.*

MAGDALENA

Nei! Þetta er handfarangur.

AMANDA

Þetta er of stórt um sig sem handfarangur. Það gilda ákveðin stærðarviðmið.

MAGDALENA

55x40x20. Ég flétti því upp. Þetta er minna en það.

*Amöndu verður gramt í geði við mótmæli stelpunnar, tekur upp málband og byrjar að mæla. Ætlar ekki að gefa neitt eftir í þessu máli. Verður enn pirraðri þegar í ljós kemur að stelpan hefur rétt fyrir sér. Stelpan þylur upp stærðir eftir því sem Amanda mælir hæð, breidd eða lengd. Amanda setur kassann á vigt, sér að hann er undir mörkum og setur þá annan fótinn á vigtina til að þyngja kassann. Magdalena sér til hennar.*

AMANDA

Þetta er of þungt. Því miður.

MAGDALENA

Þú settir fótinn á vigtina.

AMANDA

Ég held nú síður.

MAGDALENA

Víst gerðir þú það, ég sá það.

AMANDA

Ég get ekki borið ábyrgð á því hvað þú þykist sjá.

HRAFN

Þetta er rétt hjá henni. Þú settir fótinn á vigtina. Ósvífnin í þessu flugfélagi, svindla á ungri hrekklausri konu. Á kannski að rukka hana fyrir yfirvigt?

*Sigga sem er enn að væflast um og leita að vegabréfi til láns, sér að þarna er komið spennandi efni fyrir instagramreikninginn. Kveikir á símanum og byrjar að taka upp. Talar lágum rómi.*

SIGGA:

Kona á leið til London, verður vitni að því þegar múgurinn rís upp saman gegn ofríki valdsins. Þið heyrðuð það fyrst hér. Fylgist með.

AMANDA

Róum okkur nú bara aðeins.

HRAFN

Vigtaðu kassann aftur!

AMANDA

Öö nei, það er ekki í mínum verkahring að sívigta...

HRAFN

Þá sé ég ekki annað í stöðunni en að kalla á yfirmann til að leysa úr þessu.

AMANDA

(Sér að hún er ofurliði borin, dregur í land) ...eitthvað sem ég ætla hvort eð er að hleypa í gegn sem handfarangur. Setjum merkinguna á, og voila. Allir sáttir.

MAGDALENA

(Kinkar þakklát kolli til mannsins í röðinni, snýr sér svo aftur að Amöndu.) Þakka þér fyrir. Emma verður illskeytt ef hún er skilin eftir einsömul.

AMANDA

Emma? Hver er Emma? Er einhver að ferðast með þér?

MAGDALENA

Já, Emma.

AMANDA

(Leitar í tölvunni) Ég sé enga Emmu á farþegalistanum. Ertu viss um að hún sé í sama flugi?

MAGDALENA

Emma er í kassanum.

AMANDA

Er Emma í kassanum?

MAGDALENA

Já, og hún fer áreiðanlega að verða svöng, þannig að það væri gott ef þessu færi að ljúka. Emma verður illskeytt þegar hún er svöng.

AMANDA

Útskýrðu aðeins... er Emma... gæludýr eða...?

MAGDALENA

Emma er vinkona mín. Besta vinkona mín. Eða eiginlega sú eina.

AMANDA

Ertu með vinkonu þína í kassanum?

MAGDALENA

Já. Emmu.

AMANDA

Þetta er ekki að ganga nógu vel hjá okkur, ég þarf meira upplýsingar. Hver er Emma?

MAGDALENA

Viltu hitta hana? Hún er mjög elskuleg, nema þegar hún er svöng.

AMANDA

(Veit ekki alveg hvernig hún á að bregðast við)  
Jaaaaa, já, ég býst við því...

MAGDALENA

Hvað heitir þú?

AMANDA

Öööö Amanda...

MAGDALENA

Já, ég vil bara ekki vera dónaleg og kynna þig ekki með nafni. Hæ Emma mín. Þetta er Amanda, hana langaði svo að hitta þig...

*Magdalena opnar kassann og skellir upp á borðið, Amanda lítur ofan í kassann og hrekkur undan með óhljóðum.*

AMANDA

Ertu með könguló í handfarangri? Ertu eitthvað biluð, manneskja? Það er alveg harðbannað.

MAGDALENA

Neits, ekki könguló könguló. Emma verður bara móðguð ef þú segir svona. Og hún getur orðið illskeytt þegar er móðguð. Emma er tarantúla. Ein sú stærsta í heimi.

*Kemur panikk á röðina fyrir aftan Magdalenu, bersýnilega kjósa fáir að ferðast með stærstu tarantúlu í heimi. Amanda reynir að ná stjórn á aðstæðum en er að farast úr hræðslu.*

AMANDA

Ööööö, ég.... hérna, já, lokaðu kassanum eins og skot, hún er að skríða upp úr...

MAGDALENA

Já, en þú ert varla búin að heilsa einu sinni. Emma er bara að reyna að vera vinsamleg. Finnst þér hún ekki sæt? Svona loðin og krúttleg. Svo er hún orðin svolítið bústin, það fer henni vel. (Talar til Emmu með gæluróm) Þú ert svo sæt Emma mín, sæt og fín, og þegar við komum til útlanda finn ég handa þér mús. Neiiii, ekki strax, láttu ekki svona. Þú getur ekki verið svo svöng eftir hamsturinn í gær. Manstu? Namminamminamm, hamstur (við Amöndu). Hún elskar allt svona kjötmeti.

*Sjáum loðinn fót byrja að skríða upp úr kassanum... Amanda panikkar, skellir lokinu aftur.*

Það er eins gott að þú hafir ekki klemmt hana, kannski er hún fótbrotin. Og ég get sagt þér að hún Emma verður illskeytt ef hún...

AMANDA

Jájájá, Emma verður illskeytt ef hún er skilin eftir einsömul, eða þegar hún er svöng, móðguð eða fótbrotin, en þú verður að koma þessu kvikindi héðan

eins og skot. Bara í grænasta grænum. Það er útilokað að þú fáir að fara með þetta.... þetta... í flugið.

MAGDALENA

Hvers vegna ekki?

AMANDA

Fyrir það fyrsta ertu tarantúlur ólöglegar á Íslandi...

MAGDALENA

En ég er að fara með Emmu frá Íslandi.

AMANDA

Ég get ekki staðið í þessu.

*Teygir sig í síma, hringir í öryggisvörð. Er að missa stjórn á sér.*

Já, sæll. Amanda hér, innritun. Það er hérna komin upp ákveðin staða, þú verður að koma strax.(hlustar óþolinmóð á viðmælanda) Mér er bara alveg skítsama hversu upptekinn þú ert, ef þú kemur ekki á stundinni verður allt kreisí og ég þar á meðal. Já. Takk.(Skellir símtólinu reiðilega niður)

MAGDALENA

Það er eins gott að Emma sé ekki fótbrotin.

AMANDA

Stígðu til hliðar, þú ert ekki að fara í þetta flug með.. með... Emmu. (Hryllir sig)

MAGDALENA

En ég verð að fara!

AMANDA

Ekki að fara að gerast. Næsti!

MAGDALENA

Jæja þá.

*Ráfar í burtu með kassann döpur í bragði. Amanda kallar á eftir henni.*

AMANDA

Vertu kyrr hérna, stelpufífl. Það er öryggisvörður á leiðinni. (Við sjálfa sig) Tarantúla í handfangri, það er nú bara ekki í lagi. Þær eiga aldrei eftir að trúá þessu stelpurnar.

*Magdalena sest á gólfið með kassann fyrir framan sig, opnar hann, talar til Emmu.*

MAGDALENA

Emma. Emma mín, ertu að hlusta? Ekki vera leið en ég verð að skilja þig eftir. Reiða konan sem var næstum búin að fótbrjóta þig segir það. Ég vildi óska að þú gætir komið með, ég verð svo einmana án þín. En ég verð að fara. Til mömmu minnar. Af því að hún er að deyja. Ég hef engan til að passa þig og þú lifir ekki af úti. Það er alltof kalt á Íslandi. Þú átt eiginlega heima í útlöndum, fyrirgefðu að ég á ekki heima í hlýrra landi. En hérna inni gæti þér liðið vel. Það er alltaf nóg af matarleyfum í rusadöllum og kannski finnur þú mús eða kakkalakka ef þú leitar vel. Svo stingur þú þér inn í hlý skot þegar þú þarft að leggja þig. Bakvið kaffivélina eða inn í loftræsisstokkinn. Og vonandi finnur þú þér kærasta, og eignast börn, fullt af litlum, sætum Emmum sem skríða út um allan flugvöll. Kannski finn ég þig inni, eða þegar ég kem aftur, þegar mamma mín er dáið, en núna verður þú að vera hugrökk. Alveg eins og ég. Bless Emma mín. Ég mun sakna þín.

*Hvolfir kassanum og sleppir Emmu lausri sem tekur á rás um salinn, skelfingaróp berast um salinn eftir því sem Emma fer um. Magdalena grætur sáran. Tveir ræstitækna, Halla og Ingjaldur, koma með hraði inn í innritunarsalinn, Ingjaldur talar í talstöð.*

INGJALDUR

Mótttekið! Kominn á starfsstöð 3k. Skipti.

HALLA

Bíddu, hvað er í gangi?

INGJALDUR

Ég náði þessu nú ekki alveg, eitthvað um tarantúlu, heyrðist mér. Einhver histería í gangi. En svona okkar á milli segir ekkert um það í starfslýsingunni að við eigum að vera í einhverjum eltingarleik út um allan völl, okkar djögg er að ræsta og fleygja rusli. Mitt móttó er, aldrei gera meira en minna en það sem þú kemst upp með að gera ekki.

*MAGDALENA gengur út með kassann.*

HALLA

Já, ok. Tarantúla? Er það samt algengt dæmi?

INGJALDUR

Uss já. Og eðlur og snákar og froskar. Einu sinni fannst meira að segja tígrisdýraungi í farangursgeymslunni.

HALLA

Neiiiiiii... klikkað, maður.

INGJALDUR

Segðu.

*Ingjaldur og Hallur ganga út af sviðinu. Á meðan á samtali þeirra stendur heldur Amanda áfram að tékka inn, nú aðeins einn eftir að innritast.*

AMANDA

Næsti!

HRAFN

Góðan daginn.

AMANDA

Daginn.

HRAFN

Já, einmitt.

*Hann ætlar að koma ferðatöskunni á bandið.*

AMANDA

Augnablik.

*Hún ýtir töskunum til baka þannig að þær falla niður á gólfið.*

HRAFN

Hei, passaðu þig!

AMANDA

Ha?

HRAFN

Já, þetta eru rándýrar ferðatöskur og það er mjög viðkvæmur farmur í þeim.

AMANDA

Og?

HRAFN

Og????

AMANDA

Flugmiða!

HRAFN

Ha?

AMANDA

Flugmiða! Ertu með flugmiða?

HRAFN

Já, eða ég er með hann í símanum, bíddu aðeins.

AMANDA

Þá verð ég að biðja þig um að stíga til hliðar ef þú ert ekki tilbúinn með ferðagögnin.

HRAFN

Stíga til hliðar? Af hverju?

AMANDA

Þú getur ekki verið að teppa innritunina ef þú ert ekki tilbúinn.

HRAFN

En það er enginn að bíða.

AMANDA

Það skiptir ekki máli. Það er bannað teppa innritun.

HRAFN

Bíddu, hérna er þetta.

*Hann veifar símanum í átt til Amöndu.*

AMANDA

Skrolla.

HRAFN

Ha?

AMANDA

Skrolla.

HRAFN

Skrolla?

AMANDA

Já, niður.

HRAFN

Niður? Já, auðvitað.

AMANDA

Ekki svona langt.

HRAFN

Fyrirgefðu.

AMANDA

Skrolla.

HRAFN

Viltu ekki bara taka símann?

AMANDA

Nei, takk.

HRAFN

Það væri væntanlega auðveldara.

AMANDA

Það hefði verið auðveldast að þú hefðir verið með ferðagögnin tilbúin og útprentuð en nei, það þurfa allir að vera með þetta í símanum. Og ég veit ekkert hvar þú ert búinn að vera með fingurna þannig að ég er ekkert að taka þennan síma.

HRAFN

Ég get fullvissað þig um að fingurnir á mér hafa ekki verið neins staðar þar sem þeir eiga ekki að vera.

AMANDA

STANZ!

*HRAFN hættir að skrolla.*

Þarna er þetta. (Hún slær eitthvað inn í tölvu.)  
Vegabréf!

HRAFN

Vegabréf. Já, augnablik.

*Hann leitar í vösum en virðist ekki finna vegabréfið.*

AMANDA

Vegabréf!!

HRAFN

Já, augnablik. Það er hérna einhversstaðar.

AMANDA

Ef þú ert ekki með vegabréfið verð ég að biðja þig að

stíga til hliðar.

HRAFN

Nei, bíddu nú aðeins.

AMANDA

Það má ekki teppa innritun, vinsamlegast stígið til hliðar ef þú ert ekki tilbúin með ferðagögn.

HRAFN

En það er enginn annar en ég hérna.

AMANDA

Það má ekki teppa innritun, vinsamlegast stígðu til hliðar og hleyptu næsta að.

HRAFN

Það er enginn annar hérna!

*Hann finnur vegabréfið og nánast hendir því hana.*

AMANDA

Herra minn, það er óþarfi að vera með einhvern dólghátt hérna. Ég ætla að biðja þig um að vera rólegur, annars þarf ég að kalla til öryggisverði.

HRAFN

Ég er alveg rólegur!!

AMANDA

Hvað ertu að gera til London?

HRAFN

Ha? Skiptir það máli?

AMANDA

Já, það gæti gert það.

HRAFN

Ég get ekki séð að það...

AMANDA

Töskur!

HRAFN

Já, einmitt.

*Hann bisar við að koma töskunum upp á færibandið.*

AMANDA

Eina í einu.

*Hún ýtir töskunum aftur út af bandinu.*

HRAFN

Hei! Ekkert minna verðmætar núna.

AMANDA

Herra minn, ég hef áður varað þig við. Nú verð ég að kalla á öryggis...

HRAFN

Nei nei, fyrirgefðu. Ég vill bara ná að klára þetta. Engin þörf á að kalla þá til. Hann tekur í eina tösku og lyftir henni upp. Má þessi fara á bandið?

AMANDA

Já, gjörðu svo vel.

*Hrafn setur töskuna á bandið og Amanda lætur hana rúlla áfram.*

AMANDA

Næsta!

HRAFN

En ég er enn með tvær töskur?

AMANDA

Já, og ég var að biðja þig um að setja næstu á bandið.

HRAFN

Já já, auðvitað, hahaha, enda enginn annar hér enn.

*Hann setur töskuna á bandið sem rennur áfram og síðan þá næstu.*

AMANDA

(Réttir honum vegabréfið.) Gjörðu svo vel og góða ferð. Hún setur skilti á afgreiðsluborðið sem á stendur lokað.

HRAFN

Af hverju varstu að spyrja mig að því hvað ég væri að fara að gera til London?

AMANDA

Nei, ég var bara að velta því fyrir mér af hverju þú

værir að innrita töskurnar þínar til Sidney þegar þú ert að fara til London.

*Hún labbar í burtu.*

2. HLUTI

*Arnar og Sigþór koma inn. Arnar með settlega hliðartösku og Sigþór með slitinn og lufsulegan bakpoka. Arnar er að laga til fötin sín, laga til í töskunni sinni, færa muni milli vasa og þess háttar.*

ARNAR

(pirraður) Alveg óþolandi þessi öryggishlið. Bíða í röð heila eilífið og þurfa að rífa allt upp úr töskum og vösum. Og þurfa svo að drífa allt draslið uppúr bökkunum og rjúka af stað með allt á hælunum.

SIGÞÓR

(kíminn) "Á hælunum"? Þú hefur þá fengið eitthvað special treatment sem við hin fengum ekki.

ARNAR

Það er ekki það sem ég var að meina!

SIGÞÓR

Vó! Róa sig. Ég var bara að djóka.

ARNAR

(rólegri) Já... ég veit. Sorry. Ég bara þoli ekki þegar það rótast allt svona til og ekkert er á sínum stað lengur. (rótar í töskunni sinni) Tabletið snýr vitlaust. Heyrnartólin í klessu á botninum. Síminn bara einhverstaðar og húslyklarnir í vinstri vasanum.

SIGÞÓR

Í vinstri vasanum? Hvaða máli skiptir hvort þú sért með húslyklana í hægri eða vinstri vasanum.

ARNAR

Nú, ég er rétthentur. Þá meikar miklu meira sens að hafa lyklana í hægri vasanum. Ég fer með hægri hönd í hægri vasa og opna með hægri hendi, skrána sem er hægra megin á hurðinni. Ef ég hef lyklana í vinstri vasanum þá þarf ég annað hvort að krossa með hægri hendina yfir eða opna örvhent. Og það er náttúrulega alveg ómögulegt.

*Sigþór horfir á Arnar og veltir honum ögn fyrir sér.*

SIGÞÓR

Þú þalir í svo mörgu svona.

ARNAR

Ertu að gera grín að mér?

SIGÞÓR

Nei! Alls ekki. Mér finnst bara svo magnað hvað þú þælir í öllu og planar allt. Ég geri hlutina alltaf bara einhvernveginn án þess að hugsa út í það.

ARNAR

Já.... ég hef tekið eftir því.

SIGÞÓR

Er það?

ARNAR

Já.... ég hef nú alveg komið heim til þín. En jæja, nú er allt komið á sinn stað. Manstu á hvaða hlið við eigum að fara?

SIGÞÓR

Neibb.

*Arnar tekur upp spjaldtölvu úr töskunni og byrjar að fletta skjölum.*

ARNAR

Það er ekki búið að senda tilkynningu um það. Tjékkum á töflunni.

*Þeir líta aðeins kringum sig.*

SIGÞÓR

Þarna!

*Þeir ganga stuttan spöl og lesa á tilkynningartöflu hátt uppi.*

SIGÞÓR

Númer hvað er flugið okkar?

*Arnar flettir á spjaldtölvunni og sýnir Sigþóri.*

SIGÞÓR

Ég sé þetta ekki.

ARNAR

(áhyggjufullur) Ekki ég heldur.

SIGÞÓR

Það á kannski bara eftir að setja það inn. Við erum nú líka svo tímanlega í því. Það er kannski óþarfi að

mæta fjórum tímum fyrir flug svona snemma á morgnana?

ARNAR

Jaaaá... en maður veit samt aldrei.

SIGÞÓR

Við höfum þá bara góðan tíma til að fá okkur morgunmat og skoða í búðir og svona. Svona þegar opnar, það er að segja.

ARNAR

Ég væri allavegana til í kaffi.

SIGÞÓR

Já, ég líka. Byrjum á því. Það hlýtur að vera hægt að fá kaffi einhverstaðar. Þeir rölta af stað.

SIGÞÓR

Veistu, þetta er alveg þínu kósí. Svo hljótt og notalegt. Engin traffík. Ég hef bara aldrei verið á flugvelli á þessum tíma áður.

ARNAR

Er það? Ég er eiginlega alltaf á þessum tíma. Reyni yfirleitt að ná fyrsta flugi dagsins.

SIGÞÓR

Ég held ég hafi líka bara aldrei verið mættur svona tímanlega fyrir flug. Hef reyndar einu sinni misst af flugi.

ARNAR

(tekur andköf) Guð minn góður!

SIGÞÓR

Það var alveg þínu ömurlegt. En svo gleymdi ég mér einu sinni í fríhöfninni og var næstum búinn að missa af boarding.

*Arnari hryllir við.*

SIGÞÓR

Það var rétt búið að loka hliðinu þegar ég kom að því. En ég gat svo sem grenjað mig um bord. (bendir) Þarna. Þetta kaffihús er að opna.

*Þeir fara inn á kaffihús þar sem starfsmaður er að stóla niður og klára undirbúning fyrir opnun. Nálægt honum stendur Garðar og fylgist með.*

ARNAR

Góðan dag.

KAFFIÞJÓNN

Góðan dag. Gefið mér bara augnablik.

*Kaffiþjónninn klárar undirbúninginn og kemur sér fyrir í afgreiðslunni.*

SIGÞÓR

Sko! Við erum bara á hárréttum tíma!

KAFFIÞJÓNN

Og hvernig get ég aðstoðað ykkur?

ARNAR

Ég væri til í tvöfaldan cappucino með einni og hálfri pumpu af sykurlausu heslihnetu sýrópi, haframjólk og ertu til í hafa mikið af froðu?

KAFFIÞJÓNN

Já, ekkert mál. Og fyrir þig?

SIGÞÓR

Hmmm... Áttu kannski bara venjulegt kaffi?

KAFFIÞJÓNN

Já, það er þarna í könnunni.

*Kaffiþjónninn bendir á pumpukönnu á hliðarborði, réttir Sigþóri pappamál.*

KAFFIÞJÓNN

Gjörðu svo vel.

*Þau ganga frá greiðslum. Kaffiþjónninn snýr sér að kaffivélinni og setur í gang. En kvörnin í vélinni gefur bara frá sér tómlegt sarg. Kaffiþjónninn opnar kaffihólfið á vélinni.*

KAFFIÞJÓNN

(hlær lítilllega) Ætli það þurfi ekki að vera kaffibaunir í til að búa til kaffi?

*Kaffiþjónninn opnar skáp undir kaffivélinni og rótar. Færir svo yfir annan skáp, og svo annan skáp. Hún verður ögn skelkaðri með hverjum skápnem sem hún opnar og rótar í. Snýr sér svo að Garðari, með skelfingarsvip.*

KAFFIÞJÓNN

Guð minn góður. Ég finn ekkert kaffi.

*ARNAR og SIGÞÓR koma sér fyrir við borð. Arnar grípur um magann og flýttir sér af sviði. SIGÞÓR gengur út með bollann sinn. KAFFIÞJÓNN heldur áfram að leita að kaffibaunum.*

*JÓNA og GUNNA koma askvaðandi inn á kaffihúsið.*

JÓNA:

Drífa sig

GUNNA:

En þú sagðir að við hefðum nógan tíma.

JÓNA:

Já en það er aldrei að vita.

GUNNA:

En ég er svo þyrst.

JÓNA:

Farðu þá og keyptu eitthvað að drekka þarna.

*Bendir í átt að kaffiafgreiðslunni.*

GUNNA:

(við kaffiþjón) Eina pepsi max takk.

JÓNA:

(við kaffiþjón) og einn latte líka, taka með. Takk.

KAFFIÞJÓNN

Það eru bara engar baunir akkúrat núna.

JÓNA:

Eru engar baunir? Jæja drífum okkur þá.

*Hún tekur skrefið en stoppar skyndilega og lítur á Gunnu.*

Mundi ég ekki örugglega eftir að læsa?

GUNNA:

Jú ég horfði á þig læsa.

JÓNA:

Hvað ertu eiginlega að drolla? Drífum okkur.

GUNNA:

Ok, hvert nú?

JÓNA:

Prófum þarna.

*Þær fara út af sviðinu. KAFFIÞJÓNNINN fer bakvið að leita að baunum.*

*INGJALDUR og HALLA koma inn. Halla heldur á kúst og fægiskóflu og er að læra en Ingjaldur er með skrifspjald og kennir.*

INGJALDUR

Og þá hefurðu lokið við túrinn um það svæði sem þú munt sjá um, hvernig líst þér á?

HALLA

Þetta er svosem ágætt.

INGJALDUR

Ég veit að þetta er svolítið mikið að læra á stuttum tíma en þetta kemur. Er eitthvað sem kemur þér meira á óvart en annað?

HALLA

Ég vissi ekki að það væru svona miklir ranghalar í svona flugstöð, ætli það verði ekki það sem er hvað erfiðast að læra.

INGJALDUR

Jú jú, ég átti í erfiðleikum með þetta líka. Mundu bara að fara aldrei á svæðin sem eru merkt DX.

HALLA

Hvað þýðir DX?

INGJALDUR

Hef ekki hugmynd en ég veit bara að ef þú ferð inn á svoleiðis svæði án þess að mega vera þar þá gætirðu fengið kylfu í hausinn.

HALLA

Já er það?

INGJALDUR

Og ef þú lætur þér ekki segjast þá færðu piparúða í augun.

HALLA

Úfff, nei takk.

INGJALDUR

Og ef þú hefur ekki ennþá fattað fattið þá færðu poka yfir hausinn, verður yfirheyrður og sendur í líkamsholuleit.

HALLA

Ókei, ég held að engin sé svo heimskur að láta ekki segjast við fyrstu ógn eða þá næstu sko.

INGJALDUR

(hlær vandræðalega) Nei einmitt, einmitt.

HALLA

Jæja, hvað gerum við nú?

INGJALDUR

Nú tökum við hring um svæðið og sópum upp því sem fólk hefur misst og svoleiðis.

HALLA

Og er það, það eina sem við gerum?

INGJALDUR

Já já, það er meiri vinna en þú ímyndar þér og svo finnum við nú ýmislegt líka sjáðu, það er viss kaupauki að vera á kústinum.

HALLA

Kaupauki, það væri nú ágætt, þetta er ferlega ílla launað.

INGJALDUR

Já það er bölvánlega lélegt stéttarfélagið okkar, náðu engu í gegn í síðustu samningum.

HALLA

Hvernig má það vera, það náðu allir einhverju.

INGJALDUR

Ekki við, það var talað um að það hefði verið svo mikill vanskortur á samstöðuleysi.

HALLA

Van... hvað?

INGJALDUR

Maður þarf að vera með háskólagráðu til að skilja þessi orð sem þeir nota.

HALLA

Ég er með háskólagráðu og ég veit ekkert hvað þú

varst að segja.

INGJALDUR

Ertu háskólamenntaður? Hvað lærðir þú?

HALLA

Þeóríska þjarkafraði með gervigreind sem aukafag.

INGJALDUR

Þríríska...þræ... já, já það er... eigum við ekki bara að byrja rúntinn okkar og sjá hvað við finnum.

HALLA

Jú er það víst ekki seinna vanna, vaktin er að verða búin, verðum við ekki að sýna smá lit.

INGJALDUR

Nei, eiginlega ekki en við fáum smá hreyfingu út úr þessu allavega.

HALLA

Hefur þú fundið einhverja kaupauka sem hafa verið einhvers virði?

INGJALDUR

Já já, af og til finnur maður eitt og annað. Ég fann til dæmis hálfan tyggjópakka um daginn og svo innsiglaða vatnsflösku.

HALLA

(hneykslaður) Ertu ekki að grínast.

INGJALDUR

Nei nei, dagsatt. Það var svo sem ágætt en það eru góðir dagar þegar maður finnur heila samloku og svona, þá sparar maður sér nestið.

HALLA

Ég var nú að búast við einhverju meira, einhverju með einhverju virði eins og úri, síma, veski með einhverju í, jafnvel gjaldeyri.

INGJALDUR

Ha! Jú jú, það er hellingur af því sko en bara ekki þegar maður er á kústinum.

HALLA

Nú hvar þá?

INGJALDUR

Jaaaaá, ef þú stendur þig vel þá færðu stöðuhækkun og

næsta stig er að fá að sjá um rusladallana í fríhöfninni, þá kemstu í álnir og hvað þá þegar þú ferð hærra.

HALLA

Hærra? Eru mörg stig við ruslavinnuna hérna?

INGJALDUR

Sjö.

HALLA

SJÖ!?

INGJALDUR

Jebb.

HALLA

Og á hvaða stigi ert þú?

INGJALDUR

(glottir sjálfumglaður) Fjögur.

HALLA

Sem er?

INGJALDUR

Nú svo sem bara efsta stig innan fríhafnarinnar.

HALLA

Sem þýðir hvað?

INGJALDUR

Klósettin.

HALLA

Ha!

INGJALDUR

Ójá, það er algert gósen land. Það hefur tekið mig þrjú ár að komast á það stig og vittu til, það er þess virði.

HALLA

Bíddu, ertu búinn að vinna þig upp í að mega þrífa klósettin?

INGJALDUR

Ójá, og kaupaukarnir þar eru til að sækjast eftir, þar eru símar, veski, varalitir, ilmvötn, túrtappar.

HALLA

Ojbara.

INGJALDUR

Þeir eru ónotaðir, láttu ekki eins og þempía. Mjög gott að nota til að þrifa upp allskonar vökva sem fólk missir niður.

HALLA

(tautar við sjálfan sig) Ég er ekki búinn að háskólamennta mig til að vinna mig upp í að þrifa útmigin og útskitin klósett í flugstöð.

*HALLA byrjar að tína af sér vinnugalla og dót og leggja frá sér.*

INGJALDUR

En svo koma dagar þar sem draumarnir rætast.

HALLA

Hvað meinarðu?

INGJALDUR

Nú, þegar öllu flugi er aflýst. Þá er sko veisla. Þá rætast draumar þínir kellingin mín.

HALLA

Hvernig þá?

INGJALDUR

Þá fer allt í háaloft og allir verða brjáláðir, þegar rykið sest verður allt í rúst hérna og við fáum yfirvinnu við að þrifa og í draslinu verður aragrúi ómetanlegra kaupauka sem ekki einu sinni snobbuðu ræstitækarnir í kjólfötunum á sjöunda stigi fá að njóta.

HALLA

Verður þetta svo rosalegt?

INGJALDUR

Ég keypti mér nýjan bíl úr kassanum síðast.

*HALLA snýst á hæl, grípur dótið sitt og hleypur í humátt á eftir Ingjaldi.*

HALLA

Nýjan bíl? Ingjaldur! Bíddu!

*KAFFIÞJÓNN kemur með kaffibaunir og setur í vélina, græjar kaffið fyrir ARNAR sem kemur inn*

*í þann mund sem kaffið hans er til og tekur við því. GARDAR stendur á lengdar. ARNAR sest við borð og tekur upp síma.*

*SIGBÓR kemur inn með pappamál í hönd og bakpokann sinn. Hann sér ARNAR sem situr og les í bók og læðist að honum.*

SIGBÓR

Afsakið, er laust hér?

ARNAR

(lítur hægt upp úr símanum) Ha? Laust? Æ, ert þetta þú! Hvert fórstu eiginlega?

*ARNAR leggur frá sér bókina.*

SIGBÓR

Æ, ég var bara aðeins að leita að... kaffi.

*ARNAR horfir rannsakandi á SIGBÓR.*

ARNAR

Það er löngu komið kaffi hérna. Ég hélt að þú værir búinn að stinga mig af. Ég þyrfti kannski að fara einn til Stokkhólms.

SIGBÓR

Stokkhólms? (lítur á brottfararspjaldið)

ARNAR

Hvert hélstu eiginlega að við værum að fara? Til Parísar?

SIGBÓR

(utan við sig) Ó. París hefði verið betra.

ARNAR

Betra? Betra en hvað?

SIGBÓR

Nú, Stokkhólmur. Miklu rómantískari borg.

ARNAR

Rómantískari! Er allt í lagi með þig Sigbór? Þó ég sé til í að fara með þér á ABBA tónleikana í Globen er ég ekki alveg þarna sko.

SIGBÓR

Æ fyrirgefðu. Ég meinti ekki... ég þarf að játa svolítið fyrir þér.

*SIGÞÓR gramsar í töskunni sinni og dregur upp lítið skartgripabox og opnar það. Í ljós kemur trúlofunarhringur.*

*ARNAR stekkur á fætur.*

ARNAR

Sigþór! Hættu nú! Hvað er þetta?

SIGÞÓR

Ég er að fara að biðja Línu að giftast mér.

ARNAR

Vá. Það er ekki lítið. Er hún semsagt í Stokkhólmi?

SIGÞÓR

Jaaaa... Nei.

ARNAR

Nei? Það gæti nú flækt málin eitthvað.

SIGÞÓR

Hún er hérna. Hún er á leiðinni til Tene með vinkonum sínum.

ARNAR

Bíddu bíddu... en Stokkhólmur? Abbasjóíð?

*ARNAR horfir spyrjandi á SIGÞÓR sem er vandræðalegur. Hann stendur á fætur.*

SIGÞÓR

Ég ætla að ná mér í ábót. Vilt þú?

ARNAR

Já takk, endilega.

*ARNAR réttir SIGÞÓRI bollann sinn. Hann fer að afgreiðsluborði þar sem KAFFIÞJÓNN stendur.*

SIGÞÓR

Er ekki ábót?

KAFFIÞJÓNN

Hvernig kaffi varstu með?

SIGÞÓR

Bara venjulegt. Veit ekki alveg hvað hann var með.

*SIGÞÓR bendir í átt að ARNARI og lyftir upp bollanum hans. KAFFIÞJÓNN rífur bollann af honum*

og kíkir ofaní. Þefar úr bollarum.

KAFFIÞJÓNN

Þú mátt fá ábót. Ekki hann.

SIGÞÓR

Bíddu, ha? Af hverju ekki?

GARÐAR

Já, af hverju ekki?

KAFFIÞJÓNN

Hann var með tvöfaldan cappuccino með einni og hálfri pumpu af sykurlausu heslihnetusýrópi og haframjólk með mikilli froðu. Engin ábót.

SIGÞÓR

Ég ætlaði nú bara að fá venjulegt togarakaffi fyrir okkur báða, hérna úr pumpukönnunni.

KAFFIÞJÓNN

Já nei. Það fylgir engin ábót með tvöföldum cappuccino með einni og hálfri pumpu af sykurlausu heslihnetusýrópi og haframjólk með mikilli froðu. Hann fær ekki ábót.

SIGÞÓR

Hvaða djöfuls... Hvað kostar kaffið?

GARÐAR

(við kaffiþjón) Er þetta nú ekki óþarfa smámunasemi?

*KAFFIÞJÓNN hvessir augun á GARÐAR og snýr sér aftur að Sigþóri.*

KAFFIÞJÓNN

Tvöfaldur cappuchino með einni og hálfri pumpu af sykurlausu heslihnetusýrópi og haframjólk kostar níuhundruðogáttatíu.

SIGÞÓR

NÍUHUNDRUÐOG... andskotans rippoff! Og engin ábót!

KAFFIÞJÓNN

Það er ekki ég sem ákveð verðlagið hér. Sýnist þér ég vera einhver seðlabankastjóri?

SIGÞÓR

Ég ætla þá að skipta ábótinni minni á milli okkar. Get ég fengið bollann hans?

KAFFIÞJÓNN

Þú getur ekki gert svoleiðis. Það er svindl. Þú gætir tekið of mikið án þess að ég sjái.

SIGÞÓR

Réttu mér bollann!

KAFFIÞJÓNN

Nei.

SIGÞÓR bendir á eitthvað á bakvið KAFFIÞJÓN.

SIGÞÓR

Vá! Sjáðu!

*KAFFIÞJÓNN snýr sér við og SIGÞÓR teygir sig yfir afgreiðsluborðið og rífur af honum bollann. SIGÞÓR flýttir sér að setja kaffi úr pumpukönnu í bollann. KAFFIÞJÓNN kemur fram fyrir afgreiðsluborðið um leið og SIGÞÓR setur kaffi í sinn bolla. SIGÞÓR stendur með bollana í sitthvorri hendi.*

KAFFIÞJÓNN

Öllu flugi hefur verið aflýst!

*SIGÞÓR frýs í sporunum.*

SIGÞÓR

(kallar upp) Hvað meinarðu! Öllu flugi aflýst! Af hverju?

*KAFFIÞJÓNN tekur upp talstöð og talar í hana.*

KAFFIÞJÓNN

Stjórnstöð, þetta er kaffiþjónn á Te og kaffi í brottfararsal. Það þarf að aflýsa öllu flugi nú þegar. Yfir.

*Ógreinilegt tal og skruðningar heyrast úr talstöðinni.*

KAFFIÞJÓNN

Það er grunsamlegur maður hér á Te og kaffi. Möguleg hryðjuverk í aðsigi. Yfir.

*Ógreinilegt tal úr talstöð.*

SIGÞÓR

Hryðjuverk! Ertu klikkaður?

GARÐAR

Nei, hættu nú alveg.

*GARÐAR gengur út.*

KAFFIÞJÓNN

Hér gilda reglur maður minn. Strangar reglur. Þú ert staddur á flugvelli. Það þýðir ekkert að vera með dólgu. Gjöra svo vel að skila kaffinu.

SIGÞÓR

Nei. Þú færð ekki kaffið. Þetta er prinsippmál. Ég vil fá að tala við yfirmann þinn.

KAFFIÞJÓNN

Hér er enginn yfirmaður. Bara ég. Ég hef fullt vald yfir þessu kaffihúsi og hér skal farið eftir reglum.

*KAFFIÞJÓNN rífur kaffibollana úr höndum SIGÞÓRS. Kaffið skvettist á gólfið. ARNAR sem er búinn að vera að fylgjast með stendur upp og gengur til þeirra.*

ARNAR

Nú er nóg komið af þessu rugli. Viljið þið gjöra svo vel að haga ykkur eins og manneskjur. Ég vil enga ábót. Ég er farinn til Stokkhólms - mér er sama hvað þú gerir.

*ARNAR gengur út. SIGÞÓR tvístígur eins og hann ætli að rjúka í kaffiþjóninn. KAFFIÞJÓNN þenur kassann og bendir SIGÞÓRI að fara. SIGÞÓR fer.*

*HALLA kemur inn með moppu og hreyfir hana aðeins, mjög metnaðarlaust. KAFFIÞJÓNN rífur af henni moppuna og þrífur kaffið upp sjálf, lætur HÖLLU svo hafa moppuna og HALLA fer af sviði.*

*Inn á kaffihúsið koma MAGGI og STÍNA.*

MAGGI:

Flýttu þér!

STÍNA:

Hættu að reka svona á eftir mér.

MAGGI:

Við missum af fluginu!

STÍNA:

Það eru tveir tímar í bording Maggi! Slakaðu á!

MAGGI:

Við eigum eftir að fá okkur að borða.

STÍNA:

Þú meinar að þú átt eftir að fá þér í glas.

MAGGI:

Æ góða láttu ekki svona.

STÍNA:

Farðu bara.

MAGGI:

Hvað varstu að kaupa svona mikið?

STÍNA:

Ekkert. Ég var bara að skoða.

MAGGI:

SKOÐA!

STÍNA:

Æ góði farðu! Farðu og finndu borð og pantaðu þér drykk.

MAGGI:

OK

*Maggi leggur af stað í áttina að  
afgreiðsluborðinu.*

STÍNA:

Já var það ekki?! Þetta er aldeilis góð byrjun á fríinu!

MAGGI:

HA?

STÍNA:

Ætlarðu bara að yfirgefa mig hérna? Skilja mig eftir?

MAGGI:

Bíddu! Varstu ekki að segja mér að finna borð fyrir okkur?

STÍNA:

Og dettur þér ekki í hug að segja nei .. að þú viljir ekki skilja mig eina eftir?

MAGGI:

Veistu stundum er ég bara ekki að skilja þig.

STÍNA:

Nei það er ekkert nýtt.

MAGGI:

Vorum við ekki búin að ákveða að við ætluðum ekki að rífast! Var það ekki meiningin með þessu fríi?

*Maggi og Stína ganga að afgreiðslukassa.*

*JÓNA og GUNNA koma á hraðferð inn á kaffihúsið. Úr annarri átt kemur LÍNA og kemur sér fyrir við borð.*

GUNNA:

Drífa sig!

JÓNA:

En þú sagðir að við hefðum nógan tíma.

GUNNA:

Já, en það er aldrei að vita.

JÓNA:

Ég er alveg að... ég þarf bara að finna eitt.

*JÓNA strunsar áfram, GUNNA gengur á eftir.*

GUNNA:

(kallar) Hvað vantar þig?

JÓNA:

Ég gleymdi sólarvörn.

GUNNA:

Það er nóg til af sólarvörn á Tene.

*JÓNA stoppar og horfir á hana.*

JÓNA:

Já, auðvitað. Hvernig læt ég.

GUNNA:

Koma so! Drífa sig!

*Þær rjúka út.*

*STÍNA rekur augun í LÍNU.*

*Stína hvíslar að Magga.*

STÍNA:

Komdu hérna! Maggi Komdu!

MAGGI:

Hvað er eiginlega að þér? Fyrst segirðu mér að fara og síðan að koma! Hvað viltu kona?

STÍNA:

(Hvíslar reiðilega) Komdu hérna! Ekki tala svona hátt!

MAGGI:

(Hvíslar á móti) Hvað er í gangi?

STÍNA:

Kysstu mig!

MAGGI:

HA?

STÍNA:

Kysstu mig!

*Hún dregur hann til sín og kyssir hann. Hlær uppgerðar hlátri. Maggi reynir að streytast á móti.*

STÍNA:

Kysstu mig!

*Maggi kyssir hana - er eitt spurningamerki*

MAGGI:

Stína mín, er ekki allt í lagi?

STÍNA:

Leiddu mig!

MAGGI:

HA?

STÍNA:

Leiddu mig ... nei taktu utan um mig.

MAGGI:

Veistu ..

*Stína tekur í hendina á honum og hlær. Þau leiðast.*

STÍNA:

Já komum ... fáum okkur að borða elskan.

MAGGI:

OK?

*Þau labba í átt að veitingastöðunum. Konan sér þau.*

STÍNA:

Nei Hæ!

LÍNA:

Nei hæ!

*Þær faðmast. Maggi reynir að losa hendina en Stína heldur fast í hann.*

STÍNA:

Gaman að sjá þig hérna. Hvert ert þú að fara?

LÍNA:

Nú auðvitað til Tene. En þú? Þið?

STÍNA:

Nú auðvitað til Tene líka.

*Þær hlæja*

STÍNA:

Ertu ein?

LÍNA:

Nei nei! Guð ég get ekki hugsað mér að fara ein.

STÍNA:

Nei guð ekki ég heldur. Já ég gleymi alveg að kynna ykkur. Maggi þetta er Stína .. við unnum saman ... og þetta er Maggi, maður minn.

*Maggi losar hendina og heilsar henni.*

LÍNA:

Sæll.

STÍNA:

Bíddu þið hafið nú hist áður er það ekki? Á árshátíðinni í fyrra.

MAGGI:

Já alveg rétt.

LÍNA:

Já alveg rétt.

MAGGI:

Eigum við ekki að koma? Gaman að sjá þig Stína. Ég meina Lína.

LÍNA:

Já sömuleiðis. Kannski eigum við eftir að rekast á hvort annað í ferðinni.

*Lína ætlar að faðma Magga en Maggi færir undan.*

STÍNA:

Já hver veit.

*Þau kveðjast. Stína rífur í hendina á Magga og teymir hann að átt að veitingastaðnum. Lína gengur í humátt á eftir, án þess að þau sjái.*

STÍNA:

Af öllu fólki þá þurftum við endilega að hitta hana!

*Þau finna borð. Lína sest við annað borð og fylgist með þeim.*

STÍNA:

Pantaðu fyrir mig tvöfaldan Viský.

MAGGI:

Bíddu!

STÍNA:

Þegiðu!

MAGGI:

Stína mín!

STÍNA:

Þegiðu og pantaðu tvöfaldan Viský!

*Maggi fer á barinn.*

*Garðar rúllar inn í veitingasalinn með vagninn. Leggur vagninum, tekur upp tusku og spreibrúsa og byrjar að þurrka af borðinu þar sem Lína situr. Lína virðir hann ekki viðlits.*

GARÐAR

Spikk and span, spikk and span. Ég er nú hræddur um það.

*Spreyjjar á borðið og þurrkar af því af natni.  
Færir sig að næsta borði þar sem Stína situr.*

GARÐAR

Æ æ, hér dugar ekkert minna en þjarkur og töfrasvampur.

*Nær í þjark og töfrasvamp í vagninn.*

GARÐAR

Sjá þetta pennakrot. Fólk er alveg hætt að bera virðingu fyrir eigum annara.

*Garðar hefst við að sprejja og þússa af áfergju en einstakri einbeitingu. Stína virðir hann ekki viðlits.*

*Maggi kemur aftur með tvö glös af Viský. Maggi og Stína þegja, vandræðaleg þögn.  
Jessöri! Eins og nýtt!*

*Garðar gengur í burtu.*

STÍNA:

Voru þið búin að ákveða þetta saman?

MAGGI:

HA?

STÍNA:

Að hittast á Tene?

MAGGI:

Stína mín!

STÍNA:

Æ láttu ekki svona. Ég er búin að vita þetta lengi.

MAGGI:

Vita hvað?

*SIGÞÓR kemur og sér LÍNU. LÍNU bregður. MAGGI og STÍNA sjá LÍNU og SIGÞÓR, sem fer á annað hnéð og lyftir upp boxinu með trúlofunarhringnum. MAGGI stekkur á fætur og eitt augnablik virðist hann ætla að ganga til LÍNU og SIGÞÓRS. STÍNA, foxill, rífur hann niður í sætið. LÍNA horfir á SIGÞÓR og MAGGA á víxl, stendur svo upp, hristir höfuðið og hleypur út. STÍNA rýkur á fætur, danglar fríhafnarpokanum í MAGGA og strunsar út*

á eftir LÍNU. Á leiðinni út rekst hún utan í  
GARÐAR sem stendur á lengdar og fylgist með.  
STÍNA tekur ekki eftir honum.

### 3. HLUTI

*Staðsetning biðsalur á flugvelli.*

*Ung kona situr og skoðar símann sinn. Gömul kona kemur og sest við hliðina á henni og fer að horfa á hvað unga konan er að gera í símanum.*

GÖMUL KONA

Nei, hvað var þetta?

*Gamla konan bendir á símann. Ungu konan lítur á þá gömlu með svip sem ætla mætti að myndi fæla þá gömlu frá en segir ekkert.*

GÖMUL KONA

Flettu tilbaka!

*Unga konan snýr sér aðeins til hliðar svo að sú gamla sér ekki á skjáinn á símanum.*

GÖMUL KONA

Óttalegur dónaskapur er þetta í þér. Það er svo sem ekki að spyrja að unga fólkinu í dag. Aldrei hefi fólk á þínum aldri hagað sér svona dónalega við fólk á mínum aldri þegar ég var ung. Nei ekki aldeilis. Ungdómurinn í dag er öllum til vansa það get ég nú bara svarið.

UNG KONA

Til hamingju!

GÖMUL KONA

Nú þú kannt þá að tala, ég hélt kannski að skólakerfið hefði brugðist algjörlega og það væri ekki nóg með að þið kynnuð ekki að lesa heldur væru þið ófær um að tjá ykkur líka. Hverju ber að þakka þessar hamingjuóskir?

UNG KONA

Með að hafa alið upp fólk á mínum aldri, sjáðu bara hvernig þér tókst til. Hah! Þú hefur greinilega ekki verið að standa þig gamla!

GÖMUL KONA

Ég á ekki til orð! Hvílíkur hroki í ekki eldri manneskju en þér. Ja það er greinilegt að ég ól þig ekki upp. Þvílíkt og annað eins. Ég á ekki til orð yfir....

UNG KONA

Æ, viltu ekki bara láta mig í friði. Ég ræð hvað ég geri í mínum síma og mér var þó kennt það að það væri dónaskapur að vasast í annarra manna málum. Ég ætla því bara að fá að gera hvað sem mig langar í mínum síma án nokkurra afskipta frá þér.

GÖMUL KONA

Já, já láttu nú allt snúast um þig...

*Unga konan snýr sér aftur að símanum sínum*

GÖMUL KONA

Alveg týpískt. Bara forðað sér þegar þú getur ekki lengur...

UNG KONA

Hæ, er langt í þig?

GÖMUL KONA

Hvað áttu við?

UNG KONA

Það er einhver gömul kerling hérna alveg að gera mig brjáláða

GÖMUL KONA

Hver?

UNG KONA

Hún var bara komin yfir öxlina á mér og gónandi á símann minn og vogaði sér svo að segja mér, taktu eftir segja mér, ekki biðja um að fletta tilbaka svo hún gæti lesið skilaboðin mín

GÖMUL KONA

Ertu að tala um mig?

UNG KONA

Nennir þú bara að drífa þig, ég get ekki mikið meira af þessu rugli... æði sjáumst... ég er í biðsalnum við gateið okkar. Hlakka til að sjá þig!

GÖMUL KONA

Hver var þetta?

UNG KONA

Fyrirgefðu, þekkjumst við?

GÖMUL KONA

Ég er bara að reyna að vera kurteis og sýna þér

áhuga, þú veist þannig kynnist maður fólki.

UNG KONA

Ég verð bara að segja að ég hef ekki áhuga á að kynnast þér. Bara alls ekki neitt, alveg bara núll áhugi.

GÖMUL KONA

Jæja, það er bara svoleiðis. Nú þá er best að ég láti þig í friði

UNG KONA

Það væri svo velkomið

*Um stund sitja þær í þögn. Unga konan skoðar símann sinn og passar að sú gamla sjái ekki á skjáinn. Sú gamla gerir tilraun til að sjá en gefst svo upp.*

GÖMUL KONA

Það er nú blessuð blíðan og ætti nú að vera gott að ferðast í þessu veðri.

*Unga konan ragnhvolfir í sér augunum og gefur frá sér ergelsishljóð*

GÖMUL KONA

Það er varla ský á himni að sjá

UNG KONA

Viltu bara þegja!

GÖMUL KONA

Voðalegur æsingur er þetta í þér kona

UNG KONA

Æsingur í mér? Þú ert að áreita mig, nennir þú að hætta því? Plís!

GÖMUL KONA

Áreita, huh! Öllu má nú nafn gefa, en ég er ekkert að áreita þig. Ég er bara að hafa ofan af fyrir okkur þar til hleypt verður inn í vélina

UNG KONA

Ég þarf ekki neina aðstoð við að hafa ofan af fyrir mér. Ég er í símanum eins og þú sérð. Getur þú ekki bara lesið bók eða eitthvað?

GÖMUL KONA

Ég gleymdi að taka bókina sem ég er að lesa svo nei

ég get ekki lesið.

UNG KONA

Það er hægt að kaupa sér bók hérna í búð innar á ganginum. Þú ættir kannski að skoða hvort að þar finnist eitthvað við þitt hæfi

GÖMUL KONA

Ég les nú ekki hvað sem er...

UNG KONA

Ókey, mér er drullu sama. Ég vil bara losna við tuðið í þér!

GÖMUL KONA

Að heyra hvernig þú talar!

*Gamla konan stendur upp og lítur eftir ganginum í báðar áttir*

GÖMUL KONA

(bendir í sitthvora áttina um leið og hún segir) Eru seldar bækur þarna eða þarna?

UNG KONA

Já

GÖMUL KONA

Hvor?

UNG KONA

Þarna!

*Unga konan bendir ekki neitt og gamla konan fer út af. Unga konan dásir og fer að skoða símann sinn aftur þegar ungur maður, Hrafn, kemur til hennar*

HRAFN

Er þetta sæti upptekið?

*Unga konan lítur upp og stekur úr stólnum og knúsar unga manninn.*

UNG KONA

Oh! Mikið er gott að sjá þig. Ég var að bilast

HRAFN

Hvað er málið? Hvað var í gangi?

UNG KONA

Skiptir ekki máli. Ég er búin að hlakka svo til að fara þessa ferð með þér elskan

HRAFN

Ég líka

*Gamla konan kemur að þeim. Unga konan sér hana*

GÖMUL KONA

Þú ert bara svona vinaleg eftir allt saman. Bara ekki sama hver er

UNG KONA

Nei, það er ekki sama hver er

HRAFN

Mamma! Hvað ert þú að gera hér?

GÖMUL KONA

Hrafn? Ert þetta þú? Komdu þér frá þessari konu hún er argasti dóni

HRAFN

Mamma þetta er kærasta mín. Jana þetta er mamma. Eru þiðbara búnar að vera að kynnast án mín?

UNG KONA

Mamma þín? ER ÞETTA MAMMA ÞÍN? Hvað er hún að gera hér?

HRAFN

Já, þetta er mamma. Hún er að bjóða fjölskyldunni til Tenetil að halda upp á sjötugsafmælið sitt

UNG KONA

Ég hélt að við værum að fara bara tvö

HRAFN

Já, við verðum mest megnis bara tvö

UNG KONA

Er mamma þín að borga fyrir þig farið og hótelið?

HRAFN

Já...

UNG KONA

Ertu ekki að grínast?

GÖMUL KONA

Hrafn minn ég held að...

UNG KONA

Æ haltu kjafti kerlingardrusla. Ég er farin í hliðið. Ég sé þig...ykkur bara í flugvélinni.

*UNGA KONAN fer og stillir sér upp fyrir framan innritunarbörðið út í vélina. HRAFN og mamma hans ganga út af sviði.*

*MAGDALENA kemur inn og sest á stól og skoðar mannlífið. SIGGA kemur inn og sest í annað sæti. GARDAR kemur inn og litast um. MAGDALENA brosir til hans og hann gengur að henni.*

GARDAR

Afsakaðu vina mín, er þetta sæti upptekið?

MAGDALENA

Ekkert mál, nei það er engin hér, ég er bara ein, þú mátt alveg setjast

*Garðar brosir breitt og tekur ofan húfu sem hann er með og setur hana svo aftur á höfuðið, fær sér svo sæti og er enn brosandí af þakklæti. Magdalena brosir vandræðalega á móti en fer svo aftur að skoða mannlífið.*

GARDAR

Jæja, hvert ert þú svo að fara og ertu að ferðast ein bara?

MAGDALENA

Ég er að fara til London að hitta vinkonu mína sem býr þar... (Smá hik) Já ég er að ferðast ein í þetta sinn.

GARDAR

(Kinkar kolli með viðurkenningarsvip) Ja hérna já já, stundum er bara best að ferðast einn með sjálfum sér ha

MAGDALENA

Já, ég hef lært að meta það meira nýverið, þú veist, bara að bera ábyrgð á mér og get gert allt eins og mér hentar. Hvað með þig, ert þú líka að ferðast einn eða?

GARDAR

Já sko þig, mikið er ég sammála og jú jú ég er einn

(bætir við svo varla heyrir) ...allavega núna

MAGDALENA

Fyrirgefðu hvað sagðirðu? Ég heyri varla fyrir látunum hérna.

GARÐAR

(Bandar frá sér hendinni) nei nei ekkert vina mín ekkert, bara raus í gömlum karli sjáðu til

*AMANDA kemur inn og kallar upp í kallkerfinu.*

AMANDA

Farþegar með flugi 764 til London og Tenerife, vinsamlegast farið að hliði 13, ég endurtek, farþegar með flugi 764 til London og Tenerife vinsamlegast farið að hliði 13.

*Farþegar koma inn á svið og stilla sér upp í röð. SIGGA stendur upp og fer í röðina.*

*Magdalena stendur upp og setur bakpoka á bakið, lítur á gamla manninn og brosir.*

MAGDALENA

Jæja, það er flugið mitt, það var gaman að spjalla við þig...

GARÐAR

Heyrðu vina mín, það er bara akkúrat líka flugið mitt

MAGDALENA

(hnyklar brúnir) ...nú jæja ert þú líka á leið til Englands! En gaman. En, þá getum við verið samferða að hliðinu.

GARÐAR

Já já ég fer bara þangað sem vindurinn vill taka mig og því ekki til Englands!

MAGDALENA

(þínu tortrygginn á svipinn) Uhhh já ok ég skil þig...

*MAGDALENA er samt á svipinn eins og hún skilji ekkert. Þau labba samferða af stað í röðina að hliði 13 og þegja um stund.*

GARÐAR

Hvað heitir svo ungfrúin.

MAGDALENA

Ég heiti Magdalena en þú?

*Garðar tekur ofan aftur og hneigir sig smávegis.*

GARÐAR

Gaman að kynnast þér Magdalena, ég heiti Garðar og það er gaman að segja frá því að þú heitir næstum sama nafni og konan mín sáluga, hún hét Ninna.

*GARÐAR verður dreyminn og hugsir. SIGGA sem er fyrir framan þau í röðinni snýr sér við og horfir hissa á Magdalenu. Magdalena tekur eftir því en lætur það ekki trufla sig.*

MAGDALENA

Æi en fallett og mér þykir leitt með konuna þína, er langt síðan hún kvaddi, ef það er í lagi að ég spyrji?

GARÐAR

Mikið ertu tillitssöm vinan, það eru komin 20 ár eða svo, við vorum ástfangin alveg til endalokanna.

*Röðin styttist smátt og smátt og þau mjakast áfram, konan lítur aftur við og horfir á Magdalenu. Magdalena horfir spyrjandi á móti og skilur ekkert.*

MAGDALENA

Þekkir þú einhvern í Englandi sem þú ert að fara að heimsækja eða ertu að fara að ferðast þar?

GARÐAR

Tja nei ég þekki nú engan þar en ég ætlaði að fara þangað með henni Ninnu minni, hún var alltaf svo hrifin af hugmyndinni um London og þangað langaði hana að fara en því miður náðum við aldrei að fara þangað áður en hún dó blessunin.

*Magdalena byrjar að hafa brottfararspjaldið og vegabréfið tilbúið þar sem þau nálgast það allt saman, Garðar er alveg rólegur og nú tekur hún eftir að hann er ekki með neinn farangur, ekki einu sinni litla tösku.*

MAGDALENA

Garðar, hérna ertu ekki með neinn handfarangur? Nú máttu líka alveg hafa vegabréfið þitt og farseðilinn tilbúinn, það styttist í að við verðum komin um borð, þetta er búið að vera svo fljótt að líða að spjalla

svona saman.

*SIGGA snýr sér við enn einu sinni og starir, Magdalena starir á móti og lyftir brúnum spyrjandi.*

GARÐAR

(Byrjar að slá á vasa sína og horfir leitandi í kringum sig) Nei veistu, ég er bara með neftóbakið mitt, þarf ég eitthvað fleira?

MAGDALENA

(Horfir steinhissa á hann og hlær svo hissa) Já, þú þarft að sanna að þú hafir miða og sýna vegabréf, þú hlýtur að vera með það, þú átt að hafa sýnt það áður, þú veist, frammi.

*Nú snýr SIGGA sér enn aftur við og þær horfast í augu í smátíma*

SIGGA

Fyrirgefðu en ég bara verð að spyrja, við hvern ertu að tala eiginlega?

MAGDALENA

(Steinhissa á þessari asnalegu spurningu og bendir óþolinmóð á Garðar) Nú, hann! Hvað meinarðu eiginlega?

SIGGA

Hann hvern? Það er enginn við hliðina á þér. (tekur upp símann) Þið heyrðuð það fyrst hér. Ég er á leið til London og í flugvélinni með mér verður klikkuð kona sem talar út í loftið.

*Magdalena, nú alveg eitt spurningarmerki í framan lítur á hana stórum augum og svo á Garðar, hann er búinn að taka niður hattinn og klórar sér vandræðalega í höfðinu,*

GARÐAR

Fyrirgefðu Magdalena mín en hún sér mig víst ekki þessi, þú sérð mig bara enda ertu greinilega mjög næm, það sjá mig ekki margir.

MAGDALENA

HA! Hvað, bíddu hvað ertu að tala um? ...ég ...ég ...skil ekki...það sjá þig ekki margir???

*SIGGA hristir höfuðið hneyksluð og snýr sér aftur fram á við alveghissa. Magdalena lítur*

*aftur fyrir sig en þar er ung kona með eitthvað  
að hlusta á í eyrunum og tekur ekki eftir neinu.*

GARÐAR

Elsku vina, ég sæki soldið í flugvelli því ég og konan mín vorum svo dugleg að ferðast saman og ég sakna þess en nú er best að ég komi mér, þakkir fyrir spjallið og farðu varlega á ferðalaginu þínu.

MAGDALENA

(Enn í sjokki) Bíddu! Hver ertu? Og hvað ...meinarðu (baðar út höndum)

GARÐAR

Ég hef sagt þér allt satt um mig en það er eitt sem þú veist ekki, ég dó fyrir tuttugu árum síðan... (dok) ...í flugslysi, ég og konan mín bæði.

MAGDALENA

(Skelfingu lostin, stíf og frosin í sömu sporum)  
BÍDDU, HA!?

*Nú er komið að henni að sýna brottfararspjald og vegabréf.*

AMANDA

Næsti! ...halló, fröken, afsakaðu en þú tefur vélina...hallóóóó! Ætlarðu með flugvélinni eða?

ENDIR